

Virðulegi umhverfisráðherra, þingforseti og aðrir gestir.

Þegar litið er til umhverfismála á Íslandi þykir mér að margt mætti betur fara.

Við búum á landi sem er fyrir mörgum tákni hreinleika og býr yfir mikilli umhverfisvænni orku. Í rauninni erum við að mörgu leiti framfarlega á því sviði, þó er litið framhjá nokkrum mikilvægum atriðum sem draga okkur niður. Til dæmis má nefna flokkun á sorpi, það er alltof sjaldan hugsað um að við höfum ekki ótakmarkað magn af auðlindum. Þess vegna er flokkun lykilþáttur í því að sorp sé meðhöndlað á réttan hátt og skaði ekki umhverfið. Ef við lítum til nágrannalanda okkar eru við langt á eftir þeim í þessum málum. En það þarf svo sáralítið til þess að bæta úr því og til erum ýmsar leiðir eins og t.d. að bæta við sorptunnum á hvert heimili, senda inná hvert heimili fjölnota innkaupapoka og hvetja til flokkunar með skilgjaldi. Þó svo að það borgi sig kannski ekki peningalega séð fyrir sveitarfélögin þá borgar það sig á annan og mikilvægari hátt. Einnig má nefna eflingu umhverfisvænna samgangna. Því miður hefur farið svo að þótt tæknin sé til staðar þá er hún ekki nýtt. Til eru allmargar tegundir

farartækja sem menga lítið sem ekki neitt sem hægt væri að nýta betur.

Um daginn var ég að vinna að skólaverkefni tengt Ölfusá og fór niður að ánni ásamt verkefnahóp þar sem við áttum að kanna umhverfisaðstæður. Þar var okkur lítið á rör sem lá út í Ölfusána. Úr því rann úrgangur frá Sláturfélagi Suðurlands sem litaði ána blóðrauða. Það sama má segja með skolp sem veitt er út í Ölfusá og fleiri ár hér á suðurlandi, t.d. Ytri Rangá sem er ein mesta laxveiðiá á landinu. Í ánum svamlar svo fiskurinn um í skolpinu og svo erum við að neyta fisksins.

Ég legg til að bætt verði úr þessu með því að koma upp skolphreinsistöðvum eins og gert hefur verði í nokkrum bæjarfélögum á landinu. Hvað sorphirðu varðar tel ég að eina leiðin til þess að hvetja fólk til að flokka rusl sé að hafa það ekki dýrar fyrir hinn umhverfisvæna mann að flokka ruslið heldur en hinn almenna borgara sem nennir ekki að flokka því það borgar sig ekki. Þetta er ekki þróunin sem við viljum sjá í framtíðinni.

Takk fyrir mig